



## LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Velferðarráðuneytið  
b.t. Sigrúnar Jönu Finnbogadóttur  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2011

### **Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara.**

Fram kemur að velferðarráðuneytið hafi unnið umrætt frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar vegna reksturs umboðsmanns skuldara. Í frumvarpinu er m.a. lagt til, hverjir skuli standa straum af kostnaði við rekstur umboðsmanns skuldara, með hvaða hætti álagning skuli fara fram, hver álagningarstofn gjaldsins skuli vera og hversu hátt hlutfall af álagningarstofni gjaldskyldum aðilum beri að greiða. Fram kom í tölvupósti frá velferðarráðuneytinu, dags. 16. nóvember að óskað sé eftir að umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða berist í síðasta lagi 21. nóvember.

Í 5. gr. frumvarpsins kemur fram að gjaldskyldir aðilar skulu greiða gjald sem nemur 0,0377% af álagningarstofni fyrir árið 2012. Ekki fylgir frumvarpinu fjárhagsáætlun umboðsmanns skuldara fyrir árið 2012 né hvernig gjaldið komi til með að skiptast á milli gjaldskyldra aðila. Slíkt er auðvitað ákaflega bagalegt þegar meta skal fyrirhuguð útgjöld lífeyrissjóðanna til umboðsmanns skuldara fyrir næsta ár.

Á þessu ári hafa lífeyrissjóðir þurft að greiða verulegar fjárhæðir til að standa straum af rekstri umboðsmanns skuldara. Samkvæmt frumvarpinu fer álagningin á hvern og einn eftir umfangi lánasafns, án tillits til gæða þess eða samsetningar að öðru leyti. Bankarnir og Íbúðalánasjóður fóru ógætilega í sínum lánveitingum, meðan lífeyrissjóðirnir veittu ekki hærri lán en sem nemur um 65% af matsvirði fasteigna. Því má ætla að mála fjöldinn hjá umboðsmanni skuldara sé fyrst og fremst tilkominn vegna lána frá fjármálafyrirtækum og Íbúðalánasjóði. Taka þarf tillit til þess, þegar álagningarstofn til embættisins er ákvarðaður á einstaka gjaldskylda aðila.

Landssamtök lífeyrissjóða leggja áherslu á að samráðsnefnd gjaldskyldra aðila samkvæmt 3. grein frumvarpsins verði sem allra fyrst skipuð eftir gildistöku laganna. Skoða þarf sérstaklega hvort ástæða sé til að afmarka störf nefndarinnar með sérstakri reglugerð, sbr. samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila, reglugerð nr. 562/2001 með síðar breytingum.


#### **Tillögur að breytingum á frumvarpinu.**

LL leggur til breytingu á 5. gr. frumvarpsins með það í huga að eðlilegt tillit verði tekið til ólíkra gæða lánasafna og samsetningar þeirra.

Lífeyrissjóðir hafa sem lánveitendur ákveðna sérstöðu í samanburði við aðra lánveitendur sem ætlað er að standa undir straumi af kostnaði við rekstur umboðsmanns skuldara. Fyrst er þar að telja að í flestum tilvikum veita lífeyrissjóðirnir lán sem nema að hámarki 65% af

markaðsvirði veðsettra eigna og aldrei umfram 75% af matsvirði eigna. Af því leiðir að hlutfall vanskila er mun lægra en hjá öðrum þeim lánveitendum sem lánuðu allt að 90% af markaðsvirði eigna. Þá er vert að benda á að lán fjármálafyrirtækja eru mun fjölbreyttari að tegund sem eðli máls samkvæmt kalla á tímafrekari úrvinnslu. LL bendir á að taka ætti tillit til þessa við kostnaðaskiptingu við rekstur embættisins.

Með vísan í ofangreint er lagt til að gerð verði breyting á 5. gr. frumvarpsins þannig að gjaldið sem lífeyrissjóðum væri gert að greiða yrði 30% lægra en þeirra lánveitenda sem eru með ótryggari og margbrotnari lánaöfn.

Virðingarfyllst  
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða  
  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri